

## Fjölskylduþjónusta - Tillögur um hagræðingu

1	Málefni íþróttadeildar og forvarnar- og tómstundadeildar verði færð undir fræðsluvið
2	Verkefni verkefnisstjóra íþróttamála verði flutt til þjónustuvers ráðhússins og eftir atvikum falin íBH.
3	Störf íþróttafulltrúa og æskulýðs- og forvarnarfulltrúa verði sameinuð í eitt starf, staðsett á bæjarskrifstofu. Núverandi húsnæði skrifstofu íþróttadeildar fari í útleigu.
4	Verkefni forstöðumanns íþróttahússins við Strandgötu verði færð undir starf forstöðumanns sundlauga.
5	Verkefni rekstrardeildar fjölskylduþjónustu verði samþætt fjármálasviði og starfsemi fjármálasviðsins eflað á móti. Hér er um að ræða verkefni rekstrarstjóra fjölskyldusviðs og tveggja rekstrarfulltrúa, samtals í 2,75 stöðugildum. Hér er því reiknað með 1,75 stg. hreina hagræðingu með góðri endurskipulagningu starfa.
6	Teymisfyrirkomulag í félagsþjónustunni verði endurskoðað með hagkvæmni og skilvirkni að leiðarljósi er áfram mæti þörfum þjónustuþegans. Auk þess verði skilvirkni aukin í starfseminni m.a. með markvissari rafrænni skráningu. Fækkun um eitt stöðugildi.
7	Verkefni tveggja verkefnastjóra (suður og vestur) sem hafa haft umsjón með frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum verði færð til grunnskólanna. Hluti af störfum annars verkefnisstjórans vegna félagsstarfs aldraðra verði samþætt Hraunseli, félagsmiðstöð aldraðra. Félagsstarf aldraðra heyrir undir heimabjónustu.
8	Starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Músíks og Mótors verði tekin til endurskoðunar.
9	Starfsemi vinnuskólans verði færð undir Umhverfis- og framkvæmdasviði. Verkefni verkefnisstjóra vinnuskóla og umsjónarmanns vinnuskóla verði þar með samþætt starfsemi Umhverfis- og framkvæmdasviðs.
10	Samið verði við Fimleikafélagið Björk um rekstur Bjarkarhússins.
11	Gera þarf nýja vaktaáætlun fyrir íþróttahúsið Strandgötu og sundlaugarnar þar sem helgar verði hluti af vöktum og yfirvinna vegna neysluleáa verði felld inn í dagvinnutíma. Með því móti myndu yfirvinnugreiðslur falla að mestu niður.
12	Skjalavarsla í félagsþjónustu verði samþætt miðlægri skjalavörslu bæjarskrifstofu. Þannig verði hið 80% starf skjalavarðar í félagsþjónustu samþætt miðlægri skjalavörslu. Hér er reiknað er með 0,8 stg. hreinni hagræðingu.
13	Verkefni lögfræðings fjölskylduþjónustu verði samþætt stjórnsýslusviði.

14	Verkefni sálfræðings fjölskylduþjónustu verði samþætt sálfræðiþjónustu á skólaskrifstofu. Hér er reiknað með 0,5 stg. hreinni hagræðingu.
15	Þjónustumóttaka félagsþjónustu verði samþætt starfsemi þjónustuvers í ráðhúsi. Verkefni núverandi tveggja starfsmanna í móttöku félagsþjónustunnar verði felld undir þjónustuver ráðhúss. Hér er reiknað með 1,0 stg. hreinni hagræðingu.
16	Verkefni deildarstjóra móttökudeildar, sem jafnframt er umsjónarmaður húsnæðismála, verði samþætt verkefnum þjónustuvers í ráðhúsi og eftir atvikum ráðgjafa í félagsþjónustu.
17	Vaktaáætlanir á starfsstöðvum málefna fatlaðra og mönnun í afleysingum verði tekin til endurskoðunar með því að fella sem mest af vinnu inn í vaktir og lágmarka þannig yfirvinnugreiðslur.
18	Vinna tölulegra gagna á skrifstofu félagsþjónustu verði samþætt starfsemi fjármálasviðs og eftir atvikum færð til viðkomandi málaflökks. Með þessu er reiknað með að heilt stöðugildi sparist.
19	Samningar um húsaleigu starfsstöðva í málefnum fatlaðra verði teknir til endurskoðunar með leigusölum með lækkun húsaleigu að markmiði. Samhliða verði húsaleiga heimilisfólks hækkuð.
20	Vaktafyrirkomulag og yfirvinna í Húsinu, ungmennahúsi, verði endurskoðuð.
21	Í ljósi mikillar yfirvinnu í barnavernd og barnaverndarmálum hjá föstum starfsmönnum og lausráðnum er mikilvægt að öll yfirvinna verði endurskoðuð. Dvalar- og vistunarmál verði skoðuð.
22	Skoða þarf hvort einfalda megi vinnu við umsóknir um leiguhúsnæði og endurnýjun leigusamninga. Einnig er æskilegt að móttaka umsókna um húsnæði verði í þjónustuveri í ráðhúsi.
23	Verkefni tveggja umsjónarmanna heimaþjónustunnar verði sameinuð í eitt starf.
24	Garðyrkjudeild bæjarins sjái um slátt og aðra lóðarumhirðu í búsetuþjónustu málefna fatlaðs fólks.
25	Starfsmaður á vegum umhverfis- og framkvæmdasviðs hefur eftirlit með loftræstikerfi í Bjarkarhúsinu og fær hann greidda 10 klst. fasta yfirvinnu á mánuði vegna þess. Þetta eftirlit verði fært undir dagvinnuskyldu starfsmanns.
	Komi allar þessar tillögur til framkvæmda gæti sparnaður vegna þeirra numið allt að 238 milljónum króna.

